

Hafnarfirði 2. maí. 2021

## Til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

Með vísan til afgreiðslu Skipulags og Byggingarráðs vegna ákvörðun um rýmingu húsnæðisins að Suðurhelli 10 í lok maí.

Í lok maí rennur 60 daga frestur til þess að rýma húsnæðið á Suðurhelli 10 út.

Staðan er þannig í dag að enn er búið í 8 vinnustofum af 20, alls 14 manns sem hafa ekki fundið sér annað húsnæði í Hafnarfirði en þar vilja þau búa. En þegar hafa flutt 20 manns frá Hafnarfirði þar sem þau fundu ekki húsnæði við sitt hæfi hér í bæ.

Þriðjudaginn 15. mars var haldin húsfundur vegna Suðurhelli 10 og neitar Smári Hólm að skrifa undir deiluskipulags breytingu, þrátt fyrir að vera búin áður að samþykkja og skrifa undir samþykki fyrir milli lofti í húsnæðinu. Hann gefur enga skýringu fyrir þessari ákvörðun sinni.

Væntanlega er honum illa við að Konráð hafi fylgt stefnu bæjarins að hafa snyrtilegt í kringum húsið og er búin að láta fjarlægja mörg bílhræ og annað rusl sem Smári var búin að koma fyrir á lóðinni. Núna síðastliðinn mánuð eru 10 númeralaus bílhræ komin aftur inn á lóðina á vegum Smára. Þannig að þetta mun alltaf vera vandamál.

Heilbrigðiseftirlitið kemur til Smára Hólm þriðjudaginn 4. maí, til þess að taka út mengunarvarnir hjá honum, en hann er ekki með starfsleyfi fyrir starfsemi sinni að Suðurhelli 10 frá Heilbrigðiseftirlitinu (þó svo að lögfræðingur bæjarins hafi talið svo vera).

Ef við túlkum deiluskipulag Hafnarfjarðarbæjar rétt þá á starfsemi Smára ekki heima í þessu hverfi og er Konráð með mann í vinnu við að reyna að semja við Smára um kaup á húsnæði hans. Það væri því öllum til hagsbóta að það takist, en ég veit ekki hvort Smári geri sér grein fyrir deiluskipulagi hverfisins.

Það er einlæg ósk íbúana að þeir fái að búa þarna áfram. Þeim liður vel þarna og telja sig fullkomlega örugg þar sem að eldvarnarkerfi er til staðar ásamt eldvarnarbúnaði og flóttaleiðum.

Eigendur 7 bila af 8 er mikið í mun að þetta verði samþykkt og er unnið streitulaust að því með öllum mögulegum ráðum að fá þetta í gegn. Þetta ferli hefur verið í gangi í mörg ár.

**Því fyrir hönd leigjanda efri hæðar Suðurhelli 10 óska ég hér með eftir að þið fellið úr gildi fyrri úrskurð að rýma húsnæðið í lok maí, og leyfið þeim að búa þarna á meðan unnið er úr þessum málum.**

Kærar kveðjur

Pórdís Guðnadóttir